



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



STÖÐUSKÝRSLA FRÁ SAMHÆFINGARSTÖÐINNI

Dags: 15.09.2014

kl.16:00

Varðar: Eldgos í Holuhrauni, norðan Vatnajökuls

Megin atriði

- Áfram hraungos í Holuhrauni
- Sig í Bárðarbungu heldur áfram
- Þrjár sviðsmyndir líklegar
- Gasmengun í byggð heldur áfram
- SMS send til íbúa með upplýsingum um viðbrögð á mengunarsvæðinu

Eldgosið og jarðskjálftavirkni:

Frá vísindamannaráðsfundi í morgun:

Gosvirkni: Eldgosið í Holuhrauni svipað og undanfarna daga og áframhaldandi sig í Bárðarbungu og út frá GPS mælingum hefur sigið í miðri öskjunni verið um 50 cm á dag.

Jarðskjálftar: Skjálftavirkni er svipuð og hefur verið síðustu daga. Flestir skjálftanna eru við Bárðarbungu og ganginn undir Dyngjujúkli. Stærsti skjálftinn, M5,0 að stærð, varð rétt uppúr kl. 8 í morgun við suðurbarm öskjunnar. Fjórir aðrir skjálftar, rúmlega 3 að stærð, urðu við öskjubarminn í nótt.

GPS mælingar sýna óverulegar jarðskorpuhreyfingar umhverfis ganginn norðan Vatnajökuls

Loftgæði

Loftgæði í byggð: Í gær mældist töluverð gasmengun á Mývatnssveit. Hæsti toppur mældist 1250 míkrogrömm í rúmmetra. Líklegt áhrifasvæði loftmengunar vegna jarðelda í Holuhrauni er í dag norður af gosstöðvunum og markast af Bárðardal í vestri og Hólasandi í austri. Í kvöld dregur úr vindi og verður hann vestlægari, áhrifasvæðið færast þá í austur og eru þá líkur á megnun frá Mývantssveit og austur í Vopnafjörð. Á morgun er gert ráð fyrir hægari suðvestan og vestanátt og líklegt áhrifasvæði er þá frá Vopnafirði í norðri og suður eftir Austfjörðum.

Loftgæði á gossvæðinu: Mikil gasmengun og hafa vísindamenn farið út af svæðinu vegna aðstæðna á vettvangi

Varúðarráðstafanir:

Almannavarnir sendu **SMS skilaboð** með viðvörðunum vegna mengunarinnar frá Holuhrauni og leiðbeiningar um viðbrögð í alla farsíma á Reyðarfirði og nágrenni á föstudagskvöld en styrkur SO₂ fór þar í 4.000 µg/m³. Á mánudagsmorgun voru send sams konar boð í farsíma á Kópaskeri og nágrenni vegna vaxandi styrks SO₂ á svæðinu.

Verið er að gera ráðstafanir til að auka vöktun og mælingar á SO₂ í byggð. Mikilvægt er að fylgjast með styrk SO₂ í andrúmsloftinu og eru íbúar hvattir til að fylgjast með vindátt og áhrifasvæði loftmengunar á vef Veðurstofunnar (www.vedur.is). Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar www.ust.is. Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni www.loftgaedi.is Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.

- Tilmæli og leiðbeiningar frá Sóttvarnalækni og Umhverfisstofnun má finna á heimasíðum stofnanann. www.ust.is og www.landlaeknir.is
- Veðurfræðingar Veðurstofu munu koma fréttum af brennisteinsgasi á framfæri í hefðbundnum veðurfréttatímum á RUV.
- Umhverfisstofnun kannar möguleika á því að fá fleiri mæla til landsins svo betur megi fylgjast með gosmengun frá eldgosinu.

Hægt er að senda inn fyrirspurnir og upplýsingar til Umhverfisstofnunar vegna loftmengunar á netfangið gos@ust.is. Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá fólki sem hefur lent í háum styrk; hvar það var statt,



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



tímasetningu, lýsingum á gasmekki eins og lit og skyggni og lýsingum á áhrifum (sviði í augum o.s.frv.). Fljótlega verður virkjuð upplýsingasíða á vef Veðurstofunnar fyrir þannig upplýsingagjöf.

Litakóði fyrir flug er appelsínugulur fyrir Bárðarbungu og gulur fyrir Öskju. Unnið er á Hættustigi almannavarna.

Flóðahætta

Enn er hætta á flóði og byggir það hættumat á því að enn getur gosið undir Vatnajökli, hvort sem það yrði í Dyngjújökli eða í öskju Bárðarbungu.

Hættumat

Þrjár möguleikar eru taldir líklegastir um framvindu:

- Öskjusig í Bárðarbungu hættir áður en það verður mikið og gosið í Holuhrauni fjarar út.
- Stórt öskjusig í Bárðarbungu. Gos í Holuhrauni verður langvinnt eða vex. Mögulegt að sprungan lengist til suðurs inn undir Dyngjújökul og valdi jökulhlaupum og gjóskufalli. Einnig er mögulegt að sprungur opnast annar staðar undir jöklinum.
- Stórt öskjusig í Bárðarbungu og gos í öskjubroti. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Öskufall gæti orðið nokkuð.

Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.

Samhæfing aðgerða

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð er að störfum og samhæfir aðgerðir og upplýsingagjöf. Í morgun og gærmorgun var fundur í vísindamannaráði almannavarna þar sem farið var yfir nýjustu mælingar vísindamanna og staðan metin. Í framhaldi voru fundir með aðgerðarstjórninni á Húsavík, Seyðisfirði og Eskifirði. Upplýsingafundur var í morgun með Sóttvarnalækni, Umhverfisstofnun og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri um viðbrögð við brennisteinsmengun. Einnig hefur verið stofnaður velferðarhópur til að samhæfa aðgerðir á meðan eldgosíð varir.

Ferðapjónustan

Flestir helstu vegir á Íslandi eru opnir og þar með talið þjóðvegur 1. Gossvæðið er um 120 km suður frá þjóðvegi 1 fyrir norðan. Enn er svæðið á hálendinu norðan Vatnajökuls lokað og hluti Dettifossvegur vestan Jökulsár á Fjöllum (nr. 862) þar sem það telst ekki vera öruggt eins og staðan er í dag. Allir flugvellir eru opnir. Upplýsingar til ferðamanna er hægt að nálgast á vefnum www.safetravel.is og á upplýsingaskjám safetravel víða um land.

Hægt er að fylgjast með eldgosinu á vefmyndavélum Mílu, www.livefromiceland.is

Upplýsingar.:

Fjölmiðlateymi er að störfum í Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð og veitir upplýsingar og sinnir fjölmiðlum. Netfang fjölmiðlateymisins er info@sst.is Símanúmerið er: 570-2644/43.

Vefsíða vegna Bárðarbungu og jarðhræringanna norðan Vatnajökuls www.avd.is

Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)

Facebook: <https://www.facebook.com/Almannavarnir>